

LÖG**um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Nú verður lögreglu maður skaðabótaskyldur fyrir tjón sem verður við löggæslu og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann og geta dómstólar þá fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG**um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984,
sbr. lög nr. 54/1986.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1986, orðast svo:

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum áður en lánsúmsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.